

Árið 2010 keypti Reykjanesbær húsið Ramma með það m.a. fyrir augum að þar yrði varðveisluhús fyrir menningarminjar bæjarfélagsins. Í húsinu eru jafnframt aðalstöðvar Byggðasafns Reykjanesbæjar.

Í Byggðasafni Reykjanesbæjar eru tvö megin söfn: safn sögulegra gripa sem tengjast sögu þess svæðis sem Reykjanesbær nær yfir, myndasöfn sem öll tengjast sögu bæjarins að mestu, m.a. safn Heimis Stígssonar, ljósmyndara, almennt safn ljósmynda frá ýmsum aðilum, safn Viðars Oddgeirssonar, kvikmyndagerðarmanns. Þá er í safninu lítil deild hljóðminja. Auk þess hefur safnið umsjón með Íþróttaminjasafni Reykjanesbæjar og Poppminjasafni Íslands. Þá er í safninu einkaskjalasafn og undir umsjón safnsins er bæjarskjalasafn Reykjanesbæjar.

Í Rammanum er einnig varðveisluaðstaða fyrir Listasafn- og Bókasafn Reykjanesbæjar, almenn geymsla fyrir bæinn og efnisveita til handverks og listiðkunar, veitan er samstarfsverkefni Byggðasafnsins og leikskólans Holts í Innri-Njarðvík.

Ramminn stendur við Seylubraut 1 í Innri-Njarðvík. Húsið liggur samhliða Reykjanesbrautinni,

Sögubrot

Í upphafi níunda áratugar síðustu aldar reis þetta fjögur þúsund fermetra húsnæði nánast eitt og sér út í hrauninu. Forvígismenn fyrirtækisins sáu tækifæri við að vera við þjóðveginn út á flugvöll.

Fyrirtækið hét, Rammi og framleiddi glugga og hurðir. Það var stofnað árið 1965 af þeim Hafsteini Ólafssyni og Gunnhalli Antonssyni en ári seinna keyptu Rafmagnsverktakar á Keflavíkurflugvelli hlut í fyrirtækinu. Árið 1972 varð síðan Egill Jónsson, tæknifræðingur, hluthafi í fyrirtækinu og var hann jafnframt framkvæmdarstjóri þess þar til félagið var selt árið 1982. Þá keyptu þeir Gísli Grétar Björnsson, Sigurpór Stefánsson og Einar Guðberg Gunnarsson meirihluta í félaginu en auk þeirra áttu þeir Anton Jónsson, Jakob Traustason og Áskell Agnarsson hlut í því. Framkvæmdarstjóri Ramma hf var Einar Guðberg Gunnarsson. Um aldamótin 2000 eignaðist Byko fyrirtækið og skömmu síðar var verksmiðjan lögð niður og hún flutt til Lettlands þar sem hún starfar enn að svipaðri framleiðslu.